

Stjórnarfundur Dvalarheimilis aldraðra – Hvamms

06.10.20

Mætt á TEAMS: Kristján Þór Magnússon, Heiðbjört Ólafsdóttir, Bylgja Steingrímsdóttir, Aðalsteinn J. Halldórsson, Dagbjört Jónsdóttir, Jón Helgi Björnsson, Áslaug Halldórsdóttir.

Fundur settur 14:10.

Fundargerð

1. Rekstur Hvamms 2020

Jón Helgi gerði grein fyrir rekstrarstöðu DA. Ljóst er að minni tekjur hafa skilað sér inn en áætlað var fyrstu 7 mánuði ársins, m.a. vegna lægra RAI matstuðuls á heimilinu heldur en reiknað var með. Sömuleiðis hafa orðið kjarasamningsbundnar launahækkningar umfram það sem áætlað var. Til að mæta þessari stöðu hefur m.a. verið þrengt að viðhaldi. Frávik í launum er 38 milljónir. Framkvæmdastjórn í samstarfi við starfsfólk hefur leitað allra leiða til að endurskipuleggja ýmsa þætti starfseminnar m.t.t. hagræðingar. Ætla má að aukinn launakostnaður vegna COVID verði umtalsverður og verður sótt á að Sjúkratryggingar Íslands komi til móts við þann kostnað. Lagt fram til kynningar.

2. Fjárhagsáætlun 2021

Er í vinnslu og verður lögð fyrir á næsta fundi í byrjun nóvember og samþykkt á desemberfundi ef tekjuáætlun liggur fyrir frá ríkinu. Annars gæti það dregist fram í janúar. Lagt fram til kynningar.

3. Aðgerðir vegna Stóru-Markar á Kópaskeri

Farið yfir tillögu að breytingu á rekstri Stóru Markar og þess hallareksturs sem hefur verið viðvarandi undanfarin ár. Fyrirhugaðar eru breytingar á starfhlutföllum og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram til samræmis við þau gögn sem kynnt voru á fundinum.

4. Fundur með búseturéttarhöfum

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundi sem haldinn var með búseturéttarhöfum og lagði fram fundargerð af þeim fundi. Bréf verður sent á búseturéttarhafa með endurútreiknuðum þjónustugjöldum. Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda búseturéttarhöfum upplýsingabréfið á næstu dögum. Lagt fram til kynningar.

5. Starfsmannamál – upplýsingafundur

Framkvæmdastjóri fór yfir þær upplýsingar sem fram komu á starfsmannafundi í Hvammi nýverið. Lagt fram til kynningar.

6. Staða hönnunar nýs hjúkunarheimilis

Kristján Þór stjórnarformaður fór yfir stöðu mála. Nú hefur verið unnið að ítarlegri jarðvegsrannsókn innan lóðarinnar sem byggð verður upp og hefur sú vinna verið á höndum Verkís. Nokkur tækjavinna hefur verið unnin þessu samhliða og hefur Eyþór Hemmert Björnsson sinnt þeirri vinnu. Fornleifarannsókn er sömuleiðis lokið og var hún unnin af Náttúrufestu Vestfjarða. Til hægðarauka við vinnu næstu missera var ákveðið að gera þrívíddarlíkan af lóð og byggingunni, en Mannvit hefur veg og vanda af því verkefni. Lagt fram til kynningar.

7. Stefnumótun í rekstri Hvamms 2021-2026

Umræður fóru fram þess efnis að hefja fljótlega formlega vinnu stjórnar er snýr að mögulegri nýtingu Hvamms eftir að nýtt hjúkunarheimili verður tekið í notkun. Mikilvægt er að sveitarfélögin velti fyrir sér hvað henti betur en annað í þeim efnum og að þessi vinna verði unnin samhliða því að nýtt hjúkunarheimili sé hannað og byggt. Lagt til að umræðu um

málið verði fram haldið á næstu fundum stjórnar og að formaður taki saman minnisblað um tækifærin sem liggja á borðinu í þessum efnum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið 15:57